



Minnisblað

Móttakandi: Til sveitarstjórna og þeirra starfsmanna sveitarfélaga sem málið varða

Dags.: 28. ágúst 2023

Sendandi: Sigurður Ármann Snævarr

Málsnr.: 2308027SA

Málalykill: 01.21

Efni: Forsendur fjárhagsáætlana sveitarfélaga 2024-2027

I. Inngangur

Markmið laga um opinber fjármál er að stuðla að góðri hagstjórn og ábyrgri fjármálastjórn. Þá er lögunum ætlað að tryggja heildstæða stefnumörkun opinberra aðila í bráð og lengd og vandaðan undirbúning fjárhagsáætlana.

Í því skyni að ná þessum markmiðum er kveðið á um að hafa skuli í heiðri fimm grunngildi við stefnumörkun í opinberum fjármálum. Er mælt til þess að sveitarfélög hafi hliðsjón af og tileinki sér þessi grunngildi.

1. Sjálfbærni

Felst í því að opinberar skuldbindingar séu viðráðanlegar til skemmri og lengri tíma og leggi ekki ósanngjarnar byrðar á komandi kynslóðir.

2. Varfærni

Miðar að hæfilegu jafnvægi á milli tekna og gjalda, og að ekki séu teknar ákvarðanir eða aðstæður skapaðar sem geta haft ófyrirséðar og neikvæðar afleiðingar.

3. Stöðugleiki

Felst í að stefna í opinberum fjármálum stuðli að jafnvægi í efnahagsmálum.

4. Festa

Felst í því að forðast óvæntar eða fyrirvaralitlar breytingar frá gildandi stefnu og áætlunum um þróun opinberra fjármála.

5. Gagnsæi

Felst í því að sett séu auðsæ og mælanleg markmið til meðallangs tíma um þróun opinberra fjármála í samræmi við önnur grunngildi.

I.a. Stefnumörkun í opinberum fjármálum

Stefnumörkun í opinberum fjármálum felst í gerð fjármálastefnu ríkisstjórnar, fjármálaáætlunar og samkomulags ríkis og sveitarfélaga um afkomu og efnahag sveitarfélaga.

- Í fjármálastefnu leggur ný ríkisstjórn fram markmið sín í opinberum fjármálum til eigi skemmri tíma en fimm ára.
- Fjármálastefnan er síðan grundvöllur fjármálaáætlunar sem lögð er fyrir Alþingi eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Í fjármálaáætlun hvers árs skal m.a. lögð fram stefnumótun fyrir einstök málefnasvið A-hluta ríkissjóðs. Kveðið er á um samráð

við sambandið fyrir hönd sveitarfélaga um gerð fjármálastefnu og fjármálaáætlun.

- Loks skal frumvarp til fjárlaga taka mið af fjármálaáætlun.

I.b. Samráð og samkomulag

Um samskipti og samráð milli ríkis og sveitarfélaga er fjallað í 11. gr. laga um opinber fjármál, en þar segir:

Fjármálaráðherra skal við mótun fjármálaáætlunar leita samkomulags við Samband íslenskra sveitarfélaga, fyrir hönd sveitarfélaga, áður en áætlunin er lögð fyrir Alþingi, þar sem m.a. er fjallað um eftirfarandi þætti:

1. Markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga til næstu fimm ára, sundurliðað eftir árum.
2. Ráðstafanir til að tryggja að markmið um afkomu sveitarfélaga náist.
3. Fjármögnun opinberrar þjónustu og tekjur sveitarfélaga.
4. Verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Samkomulag náðist um markmið um afkomu og efnahag sveitarfélaga árin 2022-2027 í lok mars sl. Sammælt var um eftirfarandi afkomumarkmið:

- Dregið verði úr halla hins opinbera. Afkoma A-hluta sveitarfélaga fari úr því að vera sem svarar 0,4% af VLF 2023 í 0,1% árið 2024. Og verði nálægt jafnvægi árin 2025-2028.
- Meginmarkmið í fjármálum hins opinbera er að stöðva hækkun skulda hins opinbera sem hlutfall af vergri landsframleiðslu fyrir árslok 2026.
- Fyrir einstök sveitarfélög gildir að skuldahlutfall eins og það er skilgreint í sveitarstjórnarlögum hækki ekki frá 2026. Brynt er að sveitarfélög gæti að þessu við gerð fjárhagsáætlana 2024-2027.
- Markmið um heildarafkomu og skuldir sveitarfélaga eru sett fram á þjóðhagsreikningsgrunni, sem hefur m.a. í för með sér að fjárfestingaútgjöld eru gjaldfærð.

Samkomulagið bindur ekki hendur einstakra sveitarfélag eins og skýrt er kveðið á um í samkomulaginu. En hins vegar segir í samkomulaginu að með aðild sinni að samkomulaginu skuldbindi Samband íslenskra sveitarfélaga sig til að kynna samkomulagið fyrir sveitarfélögum. Mælt er til að sveitarfélög virði samkomulagið og skipi fjármálum sínum næstu ár í samræmi við það.

Málefni fatlaðs fólks

Meðal verkefna í samkomulagi milli ríkisins og sambandsins, f.h. sveitarfélaga, um afkomu og efnahag 2021-2025 sem undirritað var í september 2020 var að geta úttekt á kostnaðarþróun í þjónustu við fatlað fólk. Slík samantekt leit dagsins ljós í apríl 2022 og í kjölfarið var sett á laggirnar nefnd til að ræða kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga. Ráðgert er að nefndin ljúki störfum innan skamms og að í kjölfarið megi búast við að samið verði á ný um fjármögnun málefna fatlaðs fólks. Kröfur sveitarfélaga

hafa verið um að fulla fjármögnun málaflokksins, en ekki er á vísan að róa í þessum efnunum.

Tekjustofnar

Í fyrrnefndu samkomulagi var meðal verkefna að fara yfir tekjustofna sveitarfélaga og sett á laggirnar nefnd í þeim tilgangi. Lítið kom út úr þeirri vinnu. Áform eru þó um að leggja fyrir Alþingi frumvarp um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

I.c. Fjármálareglur virkjast á ný

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 skylda sveitarfélög til að fylgja tveimur fjármálareglum, annars vegar jafnvægisreglu og hins vegar skuldareglu. Alþingi hefur samþykkt að víkja þessum reglum til hliðar tímabundið, eða til ársins 2025, sbr. bráðabirgðaákvæði VII í sveitarstjórnarlögum. Markmið með þessum aðgerðum var að koma til móts við áætlaða tekjufall sveitarfélaga og útgjaldaauka vegna Covid-19. Fjármálareglur taka gildi á ný á árinu 2026.

- Þótt fjármálareglur séu ekki í gildi verða sveitarfélögin að gæta aðhalds í sínum fjármálum og horfa til þess að fjármálareglurnar taka gildi á ný 2026. Þá þurfa þau einnig að hafa hliðsjón af ákvæðum samkomulags við ríkið um aðhald og stöðvun hækkun skulda fyrir árslok 2026.
- Rétt er að minna á að þegar fjármálareglurnar taka gildi árið 2026 mun jafnvægisreglan vegna fjárhagsáætlunar 2026 taka til rekstrarniðurstöðu árána 2024, 2025 og áætlunar 2026. Skuldareglan tekur mið af skuldum og skuldbindingum í lok árs 2026.

I.d. Hornsteinar fjármála sveitarfélaga

Í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 er kveðið á um þann ramma sem unnið skal eftir við undirbúning og afgreiðslu fjárhagsáætlana sveitarfélaga. Þar er kveðið á um að sveitarstjórn skuli á ári hverju afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú þar á eftir. Þessar áætlanir mynda þannig fjögurra ára ramma um fjármál sveitarfélaga.

Nánari ákvæði er lúta að fjármálum og fjárhagsáætlunum er að finna í reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga nr. 1212/2015 og reglugerð um fjárhagsleg viðmið og eftirlit með fjármálum sveitarfélaga nr. 502/2012.

Skýrt er í lögum að ákvörðun sem sveitarstjórn tekur um fjárhagsáætlun komandi árs er bindandi fyrir allar fjárhagslegar ráðstafanir sveitarfélagsins. Ef fyrirsjáanlegt er að víkja þurfi frá samþykktri fjárhagsáætlun ber sveitarstjórn að samþykkja sérstakan viðauka við fjárhagsáætlun. Í viðauka skal tilgreina þann kostnað sem breytingin mun leiða til, hvernig hann verður fjármagnaður og hvernig þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir verði mætt. Leiðbeiningar reikningsskila – og upplýsingarnefndar um gerð viðauka er að finna á þessari slóð: <https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=5bbf1fef-8d02-11e9-9440-005056bc4d74>

Með lögum um opinber fjármál er aukin áhersla lögð á áætlanagerð opinberra aðila til lengri tíma. Í samræmi við það er eðlilegt að sveitarfélög leggi aukna áherslu á þriggja ára áætlun. Minnt er á að í henni felst stefnumörkun sveitarstjórnar um fjármál út frá bestu fánlegum heimildum en hún felur ekki í sér skuldbindandi fjárheimildir. Í henni koma fram áhrif einstakra ákvarðana sem teknar hafa verið fram í tímann á rekstur og efnahag, s.s. fjárfestingar eða skipulagsbreytingar.

Í fyrrnefndri reglugerð nr. 1212/2015 kemur fram að fjárhagsáætlun til fjögurra ára skal setja fram á áætluðu verðlagi hvers árs. Heimilt er þó við gerð þriggja ára áætlunar að miða eingöngu við magnbreytingar er varðar áætlun um rekstrartekjur og -gjöld, en aðrir liðir fjárhagsáætlunarinnar skulu engu að síður taka mið af áætlaðri þróun verðlags.

Rétt er að minna á að með breytingu á reglugerð nr. 1212/2015 er skylt að færa hlutdeild sveitarfélags í byggðasamlög m.m. í einstökum liðum rekstrar og efnahags í ársreikning í samantekin reikningsskil. Gildir þetta að sjálfsgöðu einnig um fjárhagsáætlun.

II. Forsendur

Fjárhagsáætlun hlýtur að byggjast á forsendum um hvernig ákveðin lykiltríði muni að líkindum þróast yfir það tímabil sem áætlunin tekur til. Meðal annars í ljósi þeirra kvaða sem hvíla á fjárhagsáætlun er mikilvægt að vanda til verka og meta á raunsæjan hátt hver þróun helstu þátta kunnir að verða. Skiptir þá sköpum að forsendur áætlana séu traustar.

Forsendum má skipta í tvo meginflokkka:

Almennar forsendur eiga við öll sveitarfélög, óháð stærð, aðstæðum og staðsetningu og felast fyrst og fremst um þróun þjóðarbúskaparins í heild og mannfjöldapróun.

Staðbundnar forsendur taka mið af aðstæðum í hverju sveitarfélagi.

II. a. Almennar forsendur

Próun efnahagsmála

Í lögum um opinber fjármál er lögð áhersla á að fjárhagsáætlanir skuli byggðar á traustum forsendum um efnahagsmál. Í reglugerð nr. 1212/2015 segir með beinum hætti í 17. gr. að við vinnslu fjárhagsáætlana skuli sveitarfélög styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Íslands þar sem við á.

Fyrirliggjandi er þjóðhagsspá sem Hagstofa birti 30. júní sl. Hér verður gerð grein fyrir þeirri spá sem og nýlegum spám Seðla-, Lands- og Íslandsbanka.

Í töflu 1 eru niðurstöður Hagstofu um þróun helstu þjóðhagsstærða árin 2022-2027 raktar.

Tafla 1. Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands 2022-2027

	2022	2023	2024	2025	2026	2027
Einkaneysla	8,7	2,3	2,2	2,7	2,5	2,5
Samneysla	1,6	2,0	1,7	0,8	0,3	0,9
Fjármunamyndun	6,9	2,3	3,4	1,9	4,2	1,1
Atvinnuvegafjárfesting	15,2	3,5	3,7	1,6	4,8	1,3
Fjárfesting í íbúðarhús næði	-6,3	5,2	3,2	3,2	3,1	3,0
Fjárfesting hins opinbera	-0,9	-5,3	2,1	1,0	3,4	-2,2
Þjóðarútgjöld, alls	6,4	2,5	2,3	2,0	2,3	1,8
Útflutningur vöru og þjónustu	20,6	8,3	3,3	2,8	3,0	3,4
Innflutningur vöru og þjónustu	19,7	5,1	2,8	2,0	2,3	1,8
Verg landsframleiðsla (hagvöxtur)	6,4	4,0	2,5	2,4	2,6	2,5
Atvinnuleysi, % af vinnuafli	3,7	3,7	4,0	4,1	4,1	4,1
Vísitala neysliverðs (verðbólga)	8,3	8,7	4,9	3,0	2,6	2,5
Kaupmáttur launa	0,0	0,2	0,9	1,1	1,4	1,6
Launavísitala	8,3	8,9	5,8	4,1	4,0	4,1

Hlutfallsleg magnbreyting milli ára, þ.e. umfram verðhækkanir, nema annað sé tekið fram.

Heimild: Hagstofa Íslands.

Hagstofa mun birta endurskoðaða spá 10. nóvember nk. og mun sambandið eftir atvikum taka saman minnisblað um helstu atriði spárinnar.

Hagvöxtur. Mikill vöxtur innlendar eftirspurnar var megin ástæða mikils hagvaxtar í fyrra. Hagstofa Íslands gerir ráð fyrir að hagvöxtur í ár verði töluvert minni eða 4% og að næstu árin verði hagvöxtur í kringum langtímaleitni, 2,5%. Hagvöxtur næstu ára mun ekki hvað síst ráðast af fjölgun ferðamanna. Bankarnir eru ekki eins bjartsýnir á hagvöxt í ár. Spá Seðlabanka sem út kom í ágúst gerir þannig ráð fyrir 3,5% hagvexti í ár.

Tafla 2. Spár um hagvöxt

Hagvöxtur, %	2022	2023	2024	2025	Spá birt
Hagstofa	6,4	4,0	2,5	2,4	30/6/2023
Íslandsbanki	6,4	3,1	2,4	2,8	31/5/2023
Landsbanki	6,4	3,2	2,7	2,3	24/04/2023
Seðlabanki	6,4	3,5	2,6	2,7	23/8/2023
Meðaltal	6,4	3,5	2,6	2,6	

Fjöldi ferðamanna skiptir sköpum um hagþróun næstu ára. Ljóst er nú þegar að ferðamenn verða tvöfalt fleiri í ár en í fyrra og útlit fyrir áframhaldandi fjölgun næstu árin eins og kemur fram í töflu 3.

Tafla 3. Spár um fjölda erlendra ferðamanna

Ferðamenn, þús.	2022	2023	2024	2025
Íslandsbanki	1.700	2.100	2.300	2.500
Landsbanki	1.695	2.100	2.300	2.500
Meðaltal	1.698	2.100	2.300	2.500

Árin 2017 og 2018 komu hingað til lands 2,2-2,3 milljónir ferðamanna og benda spár þannig til að svipaður eða jafnvel enn fleiri ferðamenn komi til Íslands árið 2024.

Vísitala neysluverðs byggir á könnun á útgjöldum heimila og tekur þannig til vöru og þjónustu sem heimilin kaupa, þ.á m. húsnæðis. Hækkun vísitölu neysluverðs má nota sem vísbendingu um almennar verðbreytingar, t.d. margvíslegrar rekstrarvöru. Húsnæðisliðurinn hefur eins og kunnugt er verið leiðandi í verðbólguþróuninni. Umskipti hafa orðið í verðbólgu, hér á landi sem víðast hvar um heiminn. Hagstofan gerir ráð fyrir að verðbólga verði 8,7% í ár, 4,9% á næsta ári og 3% árið 2025.

Tafla 4. Spár um verðbólgu

Verðbólga, %	2022	2023	2024	2025
Hagstofa	8,3	8,7	4,9	3,0
Íslandsbanki	8,3	8,7	5,3	3,7
Landsbanki	8,3	8,4	6,2	4,7
Seðlabanki	8,3	8,6	4,6	3,3
Meðaltal	8,3	8,6	5,3	3,7

Verðbólgan verður næstu árin umfram þau markmið sem Seðlabankanum er ætlað að fylgja. Gera má fastlega ráð fyrir því að bankinn muni halda áfram að hækka stýrivexti og reikna verður því með því að almennir vextir muni hækka á næstu árum.

Húsnæðisverð. Undanfarin ár hefur húsnæðisverð verið afgerandi þáttur í hækkun neysluverðvísitölu. Hvorki Hagstofa né Seðlabanki birta spár um húsnæðisverð. Það gera hins vegar viðskiptabankarnir. Þeir reikna með að húsnæðisverð hækki verulega í ár, eða um 20-22%. Spáð er að úr verðhækkunum muni draga á næstu árum og verði engu að síður umfram almenna verðbólgu.

Tafla 5. Spár um húsnæðisverð

Húsnæðisverð, %	2022	2023	2024	2025
Íslandsbanki	21,0	7,6	2,8	3,9
Landsbanki	22,2	4,8	1,0	2,9
Meðaltal	21,6	6,2	1,9	3,4

Gengi er lykilstærð í litlu opnu hagkerfi og ræður miklu um verðlagsþróun. Gengisþróunin hefur mikil áhrif á afkomu margra sveitarfélaga, einkum þar sem útflutningsstarfsemi er undirstaða atvinnulífs. Þótt skuldir A-hluta sveitarfélaga í erlendri mynt séu hverfandi, gegnir öðru máli um B-hluta fyrirtæki í ýmsum sveitarfélögum. Að venju gefa spáaðilar sér þá forsendu að nafngengi krónunnar breytist ekki út spátímabilið sem hefur í för með sér að raungengið hækkar.

Atvinna er undirstaða þjóðarbúskaparins og ræður miklu um þróun útsvarstekna. Spáð er þróun atvinnuleysis en ekki um þróun starfandi fólks. Tvenns konar tölfræði er birt um atvinnuleysi. Annars vegar birtir Hagstofa tölur sem byggðar eru á viðamiklum spurningakönnunum (vinnumarkaðskönnun, VMK), en hins vegar birtir Vinnumálastofnun tölur sem byggðar eru á skráningu atvinnuleitenda til að fá atvinnuleysisbætur (Skráð). Spár eru ýmist byggðar á tölum Hagstofu eða Vinnumálastofnunar.

Spár gera ráð fyrir að atvinnuleysi muni haldast nokkuð stöðugt á næstu árum. Þannig spáir Hagstofa að atvinnuleysi verði 3,8% í ár og 3,7-3,8% næstu ár á eftir. Aðrar spár eru á líku róli.

Tafla 6. Spár um atvinnuleysi

Atvinnuleysi, % af vinnuafla	2022	2023	2024	2025
Hagstofa	3,8	3,7	4,0	4,1
Íslandsbanki	3,8	3,4	3,9	4,0
Landsbanki	3,8	3,6	3,6	3,6
Seðlabanki	3,8	3,3	4,4	4,4
Meðaltal	3,8	3,5	4,2	4,3

Launavísitala. Útsvarstekjur ráðast fyrst og fremst af þróun launatekna, en jafnframt vegur launakostnaður þungt í útgjöldum sveitarfélaga. Launaþróun er því afgerandi áhrifavaldur um fjármál sveitarfélaga. Hagstofan gerir ráð fyrir að launavísitalan í heild hækki um 8,9% í ár og 5,8% á því næsta. Viðskiptabankarnir spá meiri launahækkun á næsta ári eða nær 7%. Seðlabankinn birtir ekki spá um launavísitölu.

Launavísitölu er ætlað að mæla launabreytingar þeirra sem eru í sömu vinnu og sama starfshlutfalli á mælingartíma („paraður samanburður“). Þegar horft er hins vegar til þróunar heildarlauna í samfélaginu þarf að hafa í huga að fólk breytir um vinnu eða starfshlutfall og nýir koma inn á vinnumarkaðinn og aðrir hætta. Launavísitalan er í raun þokkalegur mælikvarði á þróun launakostnaðar, en síðri til að meta þróun útsvarstekna.

Tafla 7. Spár um launavísitölu

Launavísitala, % br. f.f. ári	2022	2023	2024	2025
Hagstofa	8,3	8,9	5,8	4,1
Íslandsbanki	8,3	9,0	8,0	6,0
Landsbanki	8,3	8,7	7,8	5,8
Meðaltal	8,3	8,9	7,2	5,3

Óhjákvæmilega leiðir aukin verðbólga til minni kaupmáttar. Gangi spár um launa- og verðlagsþróun eftir mun kaupmáttur launa nánast standa í stað á þessu ári eftir samfellda aukningu frá 2010. Hagstofan spáir mjög hóflegaum vexti næstu árin.

Tafla 8. Spár um þróun kaupmáttar

Kaupmáttur launa, % br. f.f. ári	2022	2023	2024	2025
Hagstofa	0,0	0,2	0,9	1,1
Íslandsbanki	0,0	0,3	2,6	2,2
Landsbanki	0,0	0,3	1,5	1,1
Meðaltal	0,0	0,3	1,7	1,5

Forsendur um tekjur

Útsvar. Undanfarin ár hafa forsendur um þróun útsvarsstofns sem sambandið hefur miðlað til sveitarfélaga verið byggðar á áætlun fjármálaráðuneytis við undirbúning fjárlagafrumvarps. Áætlun ráðuneytisins hefur einkum verið grundvölluð á spá Hagstofu um launaþróun og vinnumagn. Niðurstöður eru sýndar í töflu 9.

Tafla 9. Spá um hækkun tekjuskatts-/útsvarsstofns, breyting frá fyrra ári, %

	2023	2024	2025	2026	2027	2028
Launahækkun	8,9	5,6	4,2	4,1	4,1	4,1
Magnbreyting	4,1	1,6	1,2	1,2	1,2	1,1
Hækkun útsvarsstofns	13,0	7,2	5,4	5,3	5,3	5,2

Heimild: Fjármálaráðuneyti.

Hag- og upplýsingasvið mun að venju taka saman staðgreiðsluáætlun fyrir hvert og eitt sveitarfélag fyrir komandi ár með áætlun um eftirá álagningu vegna ársins í ár. Gert er ráð fyrir að þessar upplýsingar verði birtar í október.

Fasteignaskattar. Þjóðskrá Íslands birti nýtt fasteignamat í byrjun júní sl. Það gildir í 12 mánuði frá og með 31. desember 2023. Lögum samkvæmt skal fasteignamat endurspegl gangverð fasteigna í febrúar á gildistökuári, nú febrúar 2023. Í viðauka er að finna töflu sem sýnir fasteignamat eftir sveitarfélögum og flokkum eigna.

Fasteignamat fasteigna á landinu öllu hækkaði um 11,7% milli ára og mat íbúðarhúsnæðis um 13,7%. Við blasir að þessar hækkningar eru langt umfram hvorutveggja verðlags- og launaþróun. Á hinn bóginn hækkaði fasteignamat atvinnuhúsnæðis um „aðeins“ 4,5%.

Framlög jöfnunarsjóðs. Tekjur jöfnunarsjóðs ráðast af skatttekjum ríkisins og útsvarsstofni sveitarfélaga. Framlög til einstakra sveitarfélaga ráðast af lögum og reglugerðum um sjóðinn. Jöfnunarsjóður mun væntanlega gefa út tilkynningu um áætluð framlög upp úr miðjum september nk. Minnt er á áform um breytingu á lögum um jöfnunarsjóð eins og áður hefur verið nefnt.

Kjaramál

Kjarasamningar á almennum markaði, svonefndir lífsskjarasamningar, falla úr gildi lok janúar nk. Kjarasamningar við starfsfólk sveitarfélaga gilda til loka mars en við kennara í maí 2024.

Vakin er athygli á reglugerð nr. 792/2017 sem er breyting á reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga, nr. 1212/2015 sem lýtur að uppgjöri vegna A-deildar Brúar.

- Þar er kveðið á um að gjaldfærslur vegna Lífeyrisaukasjóðs og Varúðarsjóðs skuli flokka sem launakostnað og færast á sömu rekstrareiningu og breyting lífeyrisskuldbindingar í reikningskilum sveitarfélaga.

Lífeyrismál A-deild Brúar lífeyrissjóðs -lífeyrisaukasjóður

Með setningu laga nr. 127/2016 var lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins breytt sem náði einnig til A deildar Brúar lífeyrissjóðs en helstu breytingarnar voru eftirfarandi og tóku gildi þann 1. júní 2017:

1. Réttindaávinnsla A-deildar var breytt úr jafnri réttindaávinnslu yfir í aldurstengda réttindaávinnslu.
2. Lífeyrisaldur var samræmdur við almenna markaðinn og er viðmiðið 67 ára lífeyrisaldur.
3. Launagreiðendur, ríki og sveitarfélög greiddu framlög til sjóðanna, í formi jafnvægisjóð, lífeyrisaukasjóð og varúðarsjóð. Jafnvægisjóður mætti þeim halla sem var á áfallinni lífeyrisskuldbindingu þann 31. maí 2017 en lífeyrisaukasjóður og varúðarsjóður var ætlað að mæta breytingu á réttindaöflun þeirra sjóðfélaga sem voru í sjóðnum fyrir lagabreytinguna það er að standa undir jafnri ávinnslu réttinda.
4. Mótframlag launagreiðanda var lækkað úr 12% í 11,5% þann 1. júní 2017.
5. Réttindi þeirra sem byrjaðir voru á lífeyri þann 31.maí í 2017 og þeirra sem voru 60 ára á sama tíma verða ekki skert eða aukin þó svo til skerðingar eða réttindaaukningar komi hjá öðrum sjóðfélögum. Launagreiðendur, sveitarfélög og ríkissjóður gera sérstaklega upp fjárhagsleg áhrif vegna þessara sjóðfélaga við sjóðinn.

6. Samkomulag var gert á milli ríkis og sveitarfélaga um að ríkissjóður tæki yfir skuldbindingar sveitarfélaga í A-deildar LSR sem var að stærstum hluta lífeyrisskuldbindingar vegna grunnskólakennara.

Í lok árs 2021 voru gerðar breytingar á forsendum reiknigrunnins um lífslíkur sem notaðar eru við útreikning á tryggingafræðilegri stöðu lífeyrissjóða. Nú eru lífslíkur reiknaðar út frá spám sem byggjast á að meðalævi landsmanna haldi áfram að lengjast í stað þess að reikna lífslíkur út frá reynslu í fortíðinni. Því er gert ráð fyrir lengri lífslíkum sem eykur skuldbindingar lífeyrissjóða þar sem þeir greiða ellilífeyri til æviloka.

Framangreindar breytingar á forsendum og neikvæð ávöxtun á árinu 2022 leiddu til þess að niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar fyrir A deild Brúar lífeyrissjóðs er utan þeirra viðmiða sem áskilin eru í 39. gr. laga nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Til að bregðast við þeirri stöðu er sjóðurinn að leggja loka hönd á að útfæra tillögur tryggingastærðfræðingsins á áunnum réttindum og gera viðeigandi breytingar á samþykktum sjóðsins er varða framtíðarávinnslu jafnra réttinda. Í byrjun þessa árs var tekið fyrsta skrefið þegar breytingar voru gerðar á samþykktunum er varðar framtíðarávinnslu aldurstengdra réttinda

Rétt er að benda á að þegar lífeyrisaukasjóðurinn var reiknaður á sínum tíma var hvorki gert ráð fyrir breytingum á töflum um lífslíkur eða örorku né launahækkunum í framtíðinni. Stjórnendur og tryggingastærðfræðingur sjóðsins bentu á þessa vankanta í reikniverki lífeyrisaukasjóðsins í aðdraganda lagabreytinganna en ekki var tekið tillit til þeirra ábendinga. Lífeyrissaukasjóðurinn er hluti af hreinni eign A deildar og hefur ávaxtast með sama hætti og aðrar eignir deildarinnar. Til grundvallar færslum úr lífeyrisaukasjóði er árlega reiknuð breyting á skuldbindingu miðað við jöfn réttindi annars vegar og breytingu á skuldbindingu miðað við aldursháð réttindi hins vegar og er mismunurinn þar á milli framlag ársins. Allt frá upphafi hefur tryggingafræðileg staða lífeyrisaukasjóðs verið neikvæð.

Í ljósi þessarar stöðu mun sjóðurinn í byrjun næsta árs innheimta viðbótarframlög hjá launagreiðendum fyrir þá sjóðfélagahópa sem voru á lífeyri við gildistöku framangreindra laga og þá sem höfðu náð 60 ára og eldri og eru komnir nú á lífeyri.

Hjá sjóðnum er unnið að gerð áætlana fyrir hvert sveitarfélag/ launagreiðenda og mun starfsfólk sjóðsins vera í sambandi við sveitarfélögin á næstu vikum þar sem farið verður yfir útfærsluna.

Mannfjöldapróun

Hagstofa Íslands hefur endurskoðað mannfjöldaspá sína og tekur uppfærð spá til árána frá 2022 til 2073. Framreikningur mannfjöldans er í eðli sínu óvissu undirorpinn og eykst óvissan vitaskuld eftir því sem lengra er horft inn í framtíðina. Spáin gefur engu að síður mikilvægar vísbendingar um mannfjöldapróun, einkum er varðar yngstu og elstu árgangana. Búferlaflutningar eru hins vegar mjög ráðandi um þróun annarra árganga og erfitt hefur reynst að spá fyrir um þá.

Hagstofa birtir að venju þrjár spár; mið-, lág- og háspá, sem byggja á mismunandi forsendum um hagvöxt til næstu fimm ára, frjósemi og búferlaflutningum. Yfirlitið í töflu 10 byggir á miðspánni.

Á næstu árum, fram til 2027, reiknar Hagstofa með að aðflutningur fólks verði verulegur umfram brottflutning, eða sem nemur um 3.800 manns árlega. Fyrir vikið verður fólksfjölgun mikil eða um 4,5%.

Spá Hagstofu gerir ráð fyrir að frá 2023 til 2027 muni landsmönnum á vinnualdri (21-65 ára) fjölga aðeins um 2,3% en fólki eldra en 65 ára um 15,3% og fólki yfir áttætt um 19%. Þá gerir spáin ráð fyrir að fæðingum fari fjölgandi næstu árin og spáð er umtalsverðri fjölgun barna á leikskólaaldri en fækkun á grunnskólaaldri.

Tafla 10. Mannfjöldaspá (miðspá) Hagstofu Íslands.

	Mannfjöldi 1. janúar					Breyting		
	2023	2024	2025	2026	2027	2023-2024	2024-2025	2023-2027
Á 1. ári	4.985	5.058	5.122	5.171	5.211	1,5%	1,3%	4,5%
1-5 ára	22.713	23.512	24.252	24.832	25.445	3,5%	3,1%	12,0%
6-16 ára	52.011	51.767	51.544	51.300	50.900	-0,5%	-0,4%	-2,1%
17-20 ára	18.298	18.475	18.779	19.181	19.802	1,0%	1,6%	8,2%
21-65 ára	228.334	229.888	231.307	232.563	233.682	0,7%	0,6%	2,3%
66-70 ára	17.818	18.488	18.919	19.513	19.974	3,8%	2,3%	12,1%
71-80 ára	24.762	25.695	26.768	27.754	28.675	3,8%	4,2%	15,8%
81 árs o.e.	11.832	12.281	12.785	13.364	14.083	3,8%	4,1%	19,0%
Alls	380.753	385.164	389.476	393.678	397.772	1,2%	1,1%	4,5%

Hagstofa birtir ekki mannfjöldaspár eftir sveitarfélögum, en Byggðastofnun birtir slíka spá sem byggð er á spá Hagstofu. Hana má finna á eftirfarandi slóð:

https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Mannfjoldaspa/Mannfjoldaspa2022/mfjpsbgst2021_2070_1anvidauka_c-n-1.pdf

Óvissa

Eins og jafnan er óvissa um framvindu efnahags- og kjaramála. Lítið opið hagkerfi eins og okkar þjóðarbúskapur er mun óhjákvæmlega búa við meiri sveiflur en hagkerfi stærri ríkja. Ein leið til að takast á við óvissuna er að teikna upp sviðsmyndir og vera þannig tilbúin fyrir annars konar þróun en spár gera ráð fyrir.

Meðal helstu óvissuþátta um framvindu efnahagsmála á næstu árum má nefna:

- *Kjarasamningar.* Kjarasamningar á almennum markaði gilda til loka janúar nk. og flestir samningar á þeim opinbera til loka mars og maí.
- *Verðbólga.* Töluverð óvissa er um verðbólgu næstu misseri. Á alþjóðavísu skiptir þróun stríðsátaka miklu, en einnig efnahagsstefna stjórnvalda víða um heim, ekki síst BNA.
- *Vextir og gengi.* Seðlabankinn hefur gefið skýr skilaboð um að hann muni beita vöxtum til að halda aftur af verðbólgu. Viðbúið er því að vaxtastig í landinu muni hækka á næstunni.
- *Framvinda stríðsátaka í Úkraínu* og áhrif hennar á heimsmarkaðsverð ýmissa vara.
- *Ferðabjónusta.* Spár um hagvöxt á næstu árum eru nær alfarið reistar á forsendum um að fjölgun erlendra ferðamanna. Ekki er þar á vísan að róa.

- *Sjávarútvegur.* Sem endranær ríkir töluverð óvissa um aflabrogð, einkum er varðar uppsjávarfiska s.s. loðnu.
- *Lífeyrismál.* Óvíst er hversu há viðbótarframlög til A deildar Brúar verða innheimt hjá hverju og einu sveitarfélagi.

II.b. Gátlisti um staðbundnar forsendur

Forsendur um efnahagsskilyrði og mannfjöldapróun sem raktar eru hér að framan taka til landsins alls. Þær heimildir, einkum frá Hagstofu Íslands, sem stuðst er við, eru hvorki greindar eftir landshlutum né sveitarfélögum.

Frá landsmeðaltölum eru mikil frávik í einstökum sveitarfélögum og þau eru misvel í stakk búin til að meta þau til hlítar. Atvinnuleysi er t.d. ærið mismikið eftir landshlutum og sama á við um mannfjöldapróun.

Í þessum kafla er farið yfir nokkra þætti sem gagnlegt er að hafa hliðsjón af við mat á staðbundnum þáttum.

Almenn þróun sveitarfélagsins

Nauðsynlegt er að gera sér grein fyrir stöðu sveitarfélagsins og horfum til næstu ára.

- Er íbúum að fækka, fjölga eða stendur íbúafjöldinn í stað?
- Hvernig hefur atvinnuástand verið í sveitarfélaginu? Er eftirspurn eftir vinnuafli að breytast?
- Eru ný fyrirtæki að hefja starfsemi eða eru eldri fyrirtæki að hætta starfsemi?
- Eru fjárfestingar fyrirhugaðar í atvinnulífínu?
- Eru húsnæðismálin hemill á þróun atvinnulífsins?

Gagnlegt getur verið að setja upp fleiri en eina sviðsmynd um hugsanlega þróun sveitarfélags. Með þeim hætti er sveitarstjórn betur í stakk búin til að bregðast við mismunandi rekstrarumhverfi.

Útvarstekjur

Sambandið mun senda framreikning á útvarstekjum hvers sveitarfélaga á næsta ári í október nk. Hver sveitarstjórn aðlagar staðgreiðsluáætlunina að staðbundnum forsendum.

Hagstofa Íslands hefur í samráði við sambandið unnið og birt tölfræði um þróun staðgreiðsluskyldra tekna eftir sveitarfélögum, atvinnugreinum og tegundum tekna sem gagnlegt er fyrir sveitarfélög að kynna sér. Slóðin er: <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/laun-og-tekjur/tekjur/>

Sambandið hefur verið í samvinnu við Analytica um margvíslega úrvinnslu úr þessum gögnum. Einn þáttur þessa verk er þróun líkans til að spá fyrir um þróun í einstökum sveitarfélögum og atvinnugreinum til allt að tveggja ára. Nálgast má nýjustu útgáfu líkansins á eftirfarandi slóð: <https://utsvar.analytica.is>

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Framlög til einstakra sveitarfélaga fara eftir þeim fjármunum sem sjóðurinn hefur yfir að ráða á hverju ári og ákveðnum forsendum hjá hverju sveitarfélagi.

Reikna má með að jöfnunarsjóður birti áætlun um helstu framlög á næsta ári niður á einstök sveitarfélög upp úr miðjum september nk.

Aðrar tekjur

Tekjur af fasteignasköttum næsta árs ráðast að miklu leyti af fyrirbyggjandi fasteignamati. Húsnæðisáætlanir sveitarfélaga eiga að vera góður grunnur til að áætla tekjur af fasteignasköttum og -gjöldum næstu ára sem og gatnagerðargjald og aðrar hugsanlegar tekjur af úthlutun lóða.

Launakostnaður

Meira en helmingur útgjalda sveitarfélaga eru laun og launatengd gjöld. Miklu skiptir því að launakostnaður sé áætlaður svo sem kostur er. Breytingu launakostnaðar má greina í tvo meginþætti; breytingar í starfsmannahaldi (magn) og launahækkanir (einingaverð).

Ef bæta á við stöðugildi þarf til viðbótar við greidd laun að áætla kostnað vegna launatengdra gjalda og þeirrar aðstöðu sem starfsmaðurinn þarf á að halda.

Sveitarfélög eru að jafnaði með skrár um laun og kjör starfsmanna og geta metið áhrif fyrirbyggjandi kjarasamningar á laun þeirra á næstu árum. Það gefur færi á að meta nokkuð nákvæmlega hvernig launakostnaður muni þróast á komandi árum. Kjarasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga veitir upplýsingar um efnisatriði og útfærslu einstakra kjarasamninga.

Útgjaldaþróun

Fara verður vandlega yfir stærstu atriðin í útgjöldum sveitarfélagsins.

- Er hægt að draga úr rekstrarkostnaði á einhverjum sviðum eða eru líkur á útgjaldaaukningu á öðrum sviðum?
- Leiða ný lög/reglugerðir til aukinna útgjalda sem bregðast þarf við?
- Er þörf á sérstökum aðgerðum á einhverju sviði?

Meðal nýlegra laga sem reikna má að geti leitt til aukinna útgjalda hjá sveitarfélögum má nefna lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og lög um hringrásarhagkerfið nr. 103/2021¹ Síðarnefndu lögín tóku gildi 1. janúar nk. Á þessari slóð er ágæt samantekt um hringrásarhagkerfið <https://www.samband.is/frettir/hringrasarhagkerfid-verdur-ad-veruleika/>.

Yfirleitt eru almenn útgjöld framreiknuð með hliðsjón af spám um vísitölu neysluverðs.

Skólastarf

Rekstur grunn- og leiksskóla er stærsta einstaka verkefni sveitarfélaganna. Vanda verður því til verka við mat á þróun þessa reksturs.

¹ Nánar: Lög um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi).

- Hvernig hefur þróunin í fjölda nemenda verið og hverjar eru horfur til næstu ára?
- Hefur fjöldi nemenda á hvert stöðugildi grunnskólans breyst?
- Hver er árangur skólastarfsins? Eru tækifæri til umbóta?

Minnt er aftur á „farsældarlögin“ en innleiðing þeirra er áskorun fyrir skólastarf og félagsþjónustu.

Félagsþjónusta

Margvíslegar áskoranir eru framundan í félagsþjónustu sveitarfélaga.

- Hvernig er líklegt að atvinnuleysi í sveitarfélaginu verði á næstu árum?
- Hverjar eru horfur um þörf fyrir fjárhagsaðstoð og aðra félagslega aðstoð?
- Hver er staða húsnæðismála og hvaða úrræði eru í boði?

Málefni fatlaðs fólks hafa reynst mörgum sveitarfélögum afar kostnaðarsöm. Mikilvægt er að gera sér grein fyrir hvernig útgjöld vegna málefna fatlaðs fólks muni þróast. Málefni flóttafólks og hælisleitenda eru einnig aðkallandi í mörgum sveitarfélögum.

Fjárfestingar

- Hvaða fjárfestingar þarf að ráðast í?
- Hvernig verða þær fjármagnaðar?
- Hvaða áhrif munu þær hafa á rekstur sveitarfélagsins í bráð og lengd?
- Hvert er ástand eigna sveitarfélagsins? Þarf að auka viðhald?

Rétt er að minna á að skv. 66. gr. sveitarstjórnarlaga er sveitarstjórn skylt að láta gera sérstaka úttekt fari einstök fjárfesting fram yfir 20% af skatttekjum ársins. Þetta ákvæði á t.d. oft við um byggingu skólahúsnæðis. Framkvæmdir geta tekið nokkur ár og skal miða við heildarkostnaðinn og bera hann saman við skatttekjur ársins þegar ákvörðunin er tekin.

SAS

Sveitarfélag	Fasteignamat 2024				Fmat 2023		Hækkun
	0	A	B	C	Samtals	Samtals	
0000 Reykjavíkurborg	34.715.706	4.358.426.826	280.827.730	1.100.618.391	5.774.588.653	5.213.510.404	10,8%
1000 Kópavogsbær	5.258.870	1.352.452.465	42.470.125	206.415.730	1.606.597.190	1.451.748.584	10,7%
1100 Seltjarnarnesbær	1.451.223	191.055.411	5.887.200	6.217.490	204.611.324	175.279.945	16,7%
1300 Garðabær	922.971	769.878.959	25.056.580	70.122.596	865.981.106	782.873.585	10,6%
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	7.257.129	899.452.311	42.921.100	194.454.106	1.144.084.646	1.020.494.027	12,1%
1604 Mosfellsbær	251.140	438.773.180	21.060.924	43.061.428	503.146.672	448.449.444	12,2%
1606 Kjósarhreppur	25.240	26.333.455	33.045	150.930	26.542.670	23.411.927	13,4%
2000 Reykjanesbær	4.019.335	437.753.005	12.792.615	78.741.980	533.306.935	463.639.887	15,0%
2300 Grindavíkurbær	130.769	74.718.725	2.987.095	28.970.130	106.806.719	91.728.894	16,4%
2506 Sveitarfélagið Vogar	31.294	34.540.517	786.120	2.931.314	38.289.245	33.763.165	13,4%
2510 Suðurnesjabær	821.606	67.430.804	2.253.490	55.394.953	125.900.853	111.917.477	12,5%
3000 Akraneskaupstaður	1.484.602	193.070.559	9.111.530	22.875.370	226.542.061	196.233.795	15,4%
3506 Skorradalshreppur	2.839	21.381.907	30.204	179.537	21.594.487	18.693.143	15,5%
3511 Hvalfjarðarsveit	126.895	31.155.080	566.827	39.038.495	70.887.297	65.050.720	9,0%
3609 Borgarbyggð	721.265	126.233.526	4.538.935	17.934.861	149.428.587	129.300.122	15,6%
3709 Grundarfjarðarbær	125.842	11.744.269	1.148.300	3.874.385	16.892.796	16.596.051	1,8%
3713 Eyja- og Miklaholtshreppur	32.819	3.300.299	244.183	675.603	4.252.904	3.743.727	13,6%
3714 Snæfellsbær	193.291	25.009.957	1.329.125	6.866.585	33.398.958	30.418.903	9,8%
3716 Stykkishólmsbær	242.419	25.217.714	1.749.750	4.949.993	32.159.876	30.584.526	5,2%
3811 Dalabyggð	71.525	14.666.331	922.180	2.056.394	17.716.430	14.790.586	19,8%
4100 Bolungarvíkurkaupstaður	173.811	12.161.073	505.878	2.496.830	15.337.592	13.004.958	17,9%
4200 Ísafjarðarbær	414.369	61.280.940	3.230.605	11.565.089	76.491.003	66.964.268	14,2%
4502 Reykhólahreppur	38.452	5.820.421	278.902	322.361	6.460.136	5.090.455	26,9%
4604 Tálknafjarðarhreppur	39.820	3.073.828	183.116	1.261.171	4.557.935	3.880.465	17,5%
4607 Vesturbyggð	129.557	15.210.081	657.501	2.687.794	18.684.933	14.820.254	26,1%
4803 Suðavíkurhreppur	72.273	3.746.474	105.760	741.478	4.665.985	3.990.302	16,9%
4901 Árneshreppur	16.991	1.127.316	16.856	111.878	1.273.041	1.067.762	19,2%
4902 Kaldrananeshreppur	12.648	1.596.038	85.495	291.290	1.985.471	1.646.217	20,6%
4911 Strandabyggð	161.151	6.637.080	253.480	963.109	8.014.820	6.689.734	19,8%
5508 Húnaþing vestra	447.700	23.809.685	1.485.772	4.145.415	29.888.572	26.703.381	11,9%
5609 Sveitarfélagið Skagaströnd	103.227	5.668.210	525.244	1.280.336	7.577.017	6.272.918	20,8%
5611 Skagabyggð	24.040	1.996.357	-	81.955	2.102.352	1.700.711	23,6%
5613 Húnaþing	957.664	23.244.737	2.312.684	9.978.612	36.493.697	32.884.413	11,0%
5716 Skagafjörður	670.357	91.724.792	6.769.456	15.855.529	115.020.134	101.215.351	13,6%
6000 Akureyrarbær	3.424.554	504.604.153	34.360.689	88.497.102	630.886.498	552.489.561	14,2%
6100 Norðurþing	594.302	49.002.196	2.650.353	16.669.682	68.916.533	62.480.644	10,3%
6250 Fjallabyggð	370.456	30.086.428	2.213.840	5.336.803	38.007.527	33.799.867	12,4%
6400 Dalvíkurbyggð	247.065	32.755.086	2.223.630	6.659.699	41.885.480	36.247.388	15,6%
6513 Eyjafjarðarsveit	182.701	28.304.388	1.289.795	1.061.663	30.838.547	27.256.510	13,1%
6515 Hörgársveit	120.329	18.125.404	439.198	3.355.175	22.040.106	18.543.071	18,9%
6601 Svalbarðsstrandarhreppur	84.669	13.049.090	303.405	2.200.602	15.637.766	13.833.920	13,0%
6602 Grýtubakkahreppur	48.217	8.122.891	334.706	668.586	9.174.400	7.863.108	16,7%
6611 Tjörneshreppur	22.490	1.130.267	-	32.941	1.185.698	1.014.039	16,9%
6613 Þingeyjarsveit	3.766.751	33.065.486	1.572.902	14.316.294	52.721.433	47.215.130	11,7%
6710 Langanesbyggð	128.196	5.144.581	765.969	1.840.209	7.878.955	7.212.560	9,2%
7300 Fjarðabyggð	127.999.763	71.422.580	6.498.265	20.313.074	226.233.682	208.007.539	8,8%
7400 Múlaþing	2.928.676	98.287.916	6.419.406	19.819.220	127.455.218	107.588.761	18,5%
7502 Vopnafjarðarhreppur	440.346	8.777.392	418.479	2.030.430	11.666.647	10.745.470	8,6%
7505 Fljótisdalshreppur	252.400	2.080.391	-	10.611.385	12.944.176	12.301.559	5,2%
8000 Vestmannaeyjabær	488.520	84.369.213	3.870.830	18.027.705	106.756.268	90.794.274	17,6%
8200 Sveitarfélagið Árborg	2.555.322	299.348.921	12.779.850	44.280.844	358.964.937	330.138.972	8,7%
8401 Sveitarfélagið Hornafjörður	2.756.474	40.822.847	1.877.149	9.227.376	54.683.846	48.055.004	13,8%
8508 Mýrdalshreppur	115.089	14.246.046	425.700	4.890.171	19.677.006	17.503.809	12,4%
8509 Skaftárhreppur	2.231.159	11.493.622	760.356	4.487.661	18.972.798	17.146.833	10,6%
8610 Ásahreppur	4.447.252	6.787.634	-	20.656.346	31.891.232	29.606.689	7,7%
8613 Rangárþing eystra	1.102.937	51.362.264	1.777.872	9.365.977	63.609.050	54.833.954	16,0%
8614 Rangárþing ytra	1.896.909	58.566.478	2.218.886	8.810.873	71.493.146	61.087.090	17,0%
8710 Hrunamannahreppur	983.022	33.103.949	808.828	3.855.025	38.750.824	34.373.568	12,7%
8716 Hveragerðisbær	273.580	88.284.722	6.008.485	8.847.424	103.414.211	95.436.282	8,4%
8717 Sveitarfélagið Ölfus	1.939.186	63.222.454	2.796.375	28.452.098	96.410.113	86.953.555	10,9%
8719 Grímsnes-og Grafningshreppur	378.947	131.048.870	975.123	16.788.705	149.191.645	135.107.737	10,4%
8720 Skeiða- og Gnúpverjahreppur	1.494.284	21.951.033	621.006	19.041.755	43.108.078	39.481.265	9,2%
8721 Bláskógabyggð	1.351.030	93.270.270	2.243.440	8.547.158	105.411.898	91.914.306	14,7%
8722 Flóahreppur	278.240	20.974.406	370.555	1.558.711	23.181.912	20.339.926	14,0%
Samtals	224.051.706	11.282.503.310	570.152.899	2.337.563.812	14.414.271.727	12.907.532.492	11,7%